Fundargerð skólaráðs Hvaleyrarskóla

6. október 2026

Mætt: Kristinn Guðlaugsson skólastjóri; Wendy Richards fulltrúi kennara; Albert Vignir Magnússon fulltrúi annars starfsfólks; Lisa Marie Mahmic fulltrúi foreldra; Andrea Laxdal fulltrúi nemenda; Vala Stefánsdóttir, aðstoðarskólastjóri. Fundarstjóri: Kristinn Guðlausson. Ritari: Vala Stefánsdóttir.

1 Upphaf skólastarfs

Í skólanum eru um 350 nemendur. Rætt var um upphaf skólaársins, líðan nemenda, áherslur vetrarins og nýtt starfsfólk. Einnig var rætt hvernig efla mætti þátttöku foreldra eftir fámenna aðalfundarsókn foreldrafélagsins. Áætluð er kaffisala 10. bekkjar á námsviðtalsdegi 13. október og 6. bekkjar í febrúar.

2 Skólanámskrá og starfsáætlun 2026 til 2027

Endurskoðun skólanámskrár er í vinnslu, einkum kafla um sérstöðu skólans. Náms- og kennsluáætlanir eru aðgengilegar í Mentor og ekki gefnar út sérstaklega.

3 Drög að símareglum

Rætt var um framkomin drög og áhrif símanotkunar á nám og samskipti. Áhersla var lögð á að nemendur kæmu helst án snjalltækja eða geymdu þau slökkt í tösku eða skáp. Fulltrúi nemenda taldi sjálfstæða vörslu tækja styðja ábyrgð nemenda og einfalda framkvæmd. Taka þarf tillit til heilsufars og sérstakra þarfa og skýra gildissvið reglnanna, meðal annars gagnvart kvöldstarfi félagsmiðstöðvar.

Rætt var um áminningar, vörslu tækja, aðlögunartíma, samræmda skráningu og fundi með foreldrum og nemanda við endurtekin brot. Fram kom tillaga um 10–15 mínútna verkefni í þágu skólans við brot. Einnig var bent á þörf fyrir sýnilegar klukkur.

Lagt var til að nemendaráð færi yfir drögin og gerði tillögur um reglur, viðbrögð og skráningu fyrir næsta skólaráðsfund.

4 Afþreying og aðgangur að vefsíðum

Rætt var um að kynna betur spil og aðra afþreyingu á bókasafni og í stofu 8. Lagt var til að bjóða skipulagða afþreyingu einu sinni til tvisvar í viku, með rými fyrir hreyfingu, slökun og spjall. Nemendaráð haldi utan um spil og leiki í frímínútum kl. 9:40 einu sinni til tvisvar í viku.

Einnig var rætt um lokanir á vefsíðum í kerfum bæjarins og erfiðleika við að takmarka aðgang að tölvuleikjasíðum.

5 Framkvæmdir og önnur mál

Kristinn fór yfir helstu framkvæmdir sumarsins. Skipt var um járn á þaki skólans yfir sal og listgreinaálmu ásamt því að bókasafnið var málað og ný ljós og loftaplötur í þær stofur sem ekki hafði verið skipt um áður. Ný útidyrahurð var sett hjá elstu deild.
Mönnun í frímínútum var til umræðu. Rætt var um kaffihús og piparkökuviðburð í lok nóvember til fjáröflunar fyrir útskriftarferðina; sambærilegur viðburður hafði verið vel sóttur.

6 Næsti fundur

Næsti fundur verður fyrsta eða annan mánudag í nóvember kl. 15:00. Fundi slitið kl. 14:50.